

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Borgarfjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps tekur ákvörðun samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða um Bakkagerðiskaupþún.

Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

#### 2. gr.

Þar sem holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið og halda við sinni heimæð.

#### 3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsi kaupsins varðar, svo sem nýlagnir, viðhald og endurbætur, skulu unnin af aðila er hreppsnefnd felur þau. Er óheimilt að leggja ræsi í aðalræsið nema að fengnu leyfi þessa aðila og undir umsjón hans. Er mönnum og skylt að hlíta í öllu fyrirmælum hans um gerð og lögn ræsisins og annað þess háttar er máli skiptir í sambandi við það.

#### 4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati ef ágreiningur verður.

#### 5. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olfúr, kvikasilfur eða önnur efni sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða torvelað rotun í rotþróum. Á þeim stöðum sem slík hætta er fyrir hendi skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það að þessi efni komist út í holræsakerfið og standi húseigandi straum af kostnaði við þá framkvæmd.

Óheimilt er að láta regnvatn, yfirborðsvatn eða grunnvatn í holræsakerfið.

Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

#### 6. gr.

Kostnaður við holræsagerð kaupsins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða holræsagerðinni tengigjald er hann tengir hús sitt við holræsakerfið. Greiða skal í tengigjald kr. 140,00 pr. m<sup>3</sup> íbúðarhúsa og kr. 70,00 pr. m<sup>3</sup> annarra húsa, hvort tveggja miðað við byggingarvísitölu 231. Gjald þetta breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Tengigjald skal greitt eða um það samið áður en tenging við aðalræsið er leyfð. Þá skal og hver húseigandi, er tengt hefur hús sitt holræsakerfinu, greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,13% af álagningar-

stofni fasteignamatss húss og lóðar, sem talið er sér í fasteignamati enda sé skolplögn frá viðkomandi húseign eða húshluta. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða lágmark holræsagjaldsins og hámark þess innan marka álagningarinnar. Auk þess er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækkka gjaldskrána í heild um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

## 7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjald dagar holræsagjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

## 8. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Borgarfjarðarhreppi nr. 95/1978.

*Félagsmálaráðuneytinu, 10. mars 1999.*

F. h. r.

**Sesselja Árnadóttir.**

*Sturlaugur Tómasson.*

## REGLUGERÐ

### um halónslökkvikerfi.

*Markmið.*

## 1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að minnka losun halóns út í andrúmsloftið og draga þannig úr eyðingu ósonlagsins.

*Skilgreiningar og gildissvið.*

## 2. gr.

Reglugerðin nær til slökkvikerfa með halón 1301 (brómtríflúormetan, CF<sub>3</sub>Br).

*Takmörkun á notkun halóna.*

## 3. gr.

Óheimilt er að setja upp og endurhlaða halónslökkvikerfi. Notkun halónslökkvikerfa er bönnuð frá og með 1. október 2000. Þann dag skal vera búið að setja viðurkenndan slökkvibúnað í öll vélarrúm skipa sem reglur þessar ná til. Lokið skal við að fjarlægja halónslökkvikerfi fyrir 1. júní 2001.

Bann við notkun eða endurhleðslu með endurunnu halóni, sbr. 1. mgr., á ekki við um flugvélar og skip allt að 60 m að lengd.